

Um Hans Henny Jahnn (1894–1959)

Þótt þýski rithöfundurinn, orgelsmiðurinn, friðarsinninn og and-
ófsmaðurinn Hans Henny Jahnn hafi ósjaldan vakið athygli fyrir
verk sín er óhætt að segja að sú athygli hafi ekki alltaf verið jákvæð.
Þvert á móti var þýsna algengt að leikrit hans væru tekin af dagskrá
eftir að hafa komið leikhúsgestum í uppnám. Í ritverkum sínum og
leikritum ögrar Jahnn gjarnan kristilegum og borgaralegum gildum
sam tíma síns, sem hann taldi einkennast af hræsni og óheilindum; í
sömu mund og talað væri um kærleik fordæmdi samfélagið mis-
kunnarlaust þá sem skera sig úr fjöldanum en af því hafði Jahnn
beina reynslu. Að öllum líkindum var hann meðal þeirra fyrstu sem
lýstu sér sem „alkynhneigðum“ (omnisexuell) en svo opinská yfir-
lýsing þótti gríðarleg óhæfa í heimaborg Jahnn, Hamborg. Við-
brögðin við eigin annarsleika munu tvímælaust hafa stuðlað að því
að sögupersónur Jahnn eru iðulega utan gátta í samfélagi sínu og
verða fyrir grimmilegu aðkasti vegna þess eins að þær eru frá-
brugðnar hinum í einhverju tilliti sem þær hafa enga stjórn á. Í hinni
fremur óvægnu skáldsögu *Blýnótt* (*Die Nacht aus Blei*), sem kom út á
íslensku árið 2000, er fólki með hvítan hörundslit refsað í samfélagi
biksvartra og í kaldranalegri útgáfu sinni á harmleik Evripídesar um
Medeu dregur Jahnn fram erlendan uppruna Medeu með því að gera
hana svarta á hörund í samfélagi hvíttra Hellena. Í smásögunni
„Rögnu og Níls“ beinist samfélagsleg fordæmingin bersýnilega að
hinni hlédrægu og ef til vill nokkuð einföldu en jafnframt einlægu
og ástríðufullu Rögnu.

Fyrir utan ritstörfin átti Jahnn sér fjölskrúðug hugðarefni. Hann
gat sér svo gott orð fyrir orgelsmiði að hann var ráðinn í stöðu orgel-

umsjónarmanns Hamborgar árið 1931 þrátt fyrir andúð kirkjunnar manna á andkristnum viðhorfum hans. Um ævina gerði hann upp á annað hundrað orgela og nokkur hafa jafnvel verið smíðuð eftir teikningum hans. Öllu umdeildari voru þó tilraunir hans við lyfjaframleiðslu en á fjórða áratugnum setti hann á markað yngingarlyfið Miramon, sem unnið var úr merarþvagi. Síðar taldi hann sig hafa sýnt fram á að drengjaþvag hefði endurlífandi áhrif og tókst jafnvel fyrir tilstilli borgaryfirvalda að fá að ganga á milli grunnskóla sem „hormónafræðingur“ og safna þvagi ungra sveina.

Meðan á fyrri heimsstyrjöldinni stóð flýði Jahnn til Noregs ásamt ástmanni sínum, Gottlieb Harms, til að komast hjá herþjónustu og settust þeir að í Aurlandi nálægt Björgvin. Að heimsstyrjöld lokinni sneri hann aftur til Hamborgar og setti þá á stofn nokkurs konar trúarlegan listahóp er hann nefndi Ugrino. Árið 1926 gekk hann í hjónaband með Ellinor Philips og tveimur árum síðar kvæntist Harms hálf systur hennar, Sybille. Í júnílok árið 1929 ól Ellinor dóttur þeirra Jahnn, Signe, og áður en tvær vikur höfðu liðið fæddist Harms og Sybille sonurinn Eduard. Fjölskyldurnar tvær deildu sama heimili, hjónaböndin voru opin og samband Jahnn og Harms var því alla tíð náð. Harms lést fyrir aldur fram úr nýrnabilun árið 1931 og var fráfall hans Jahnn mikið áfall. Í kjölfar valdatöku Nasistaflokksins flutti hann til Borgundarhólms ásamt fjölskyldu sinni og syni Harms þar sem Jahnn dvaldi sjálfur fram yfir stríðslok og allt til ársins 1950. Nasistar bönnuðu verk Jahnn á þeim forsendum að hann væri klámhöfundur og hommi og síðar voru þau líka bönnuð í Austur-Þýskalandi kommúnismans af áþekkingu ástæðum. Á eftirstríðsárunum sneri hann sér í auknum mæli að pólitískum baráttumálum sínum sem einkum fólust í dýravernd og friðarstefnu. Hann andmælti mjög inngöngu Þýska sambandsríkisins í Atlantshafsbandalagið og barðist ötullega gegn nýtingu kjarnorku, sem hann taldi eiga eftir að valda kynslóðum framtíðarinnar ómældum skaða, en beitti sér einnig mjög fyrir banni á hvalveiðum.

Þrátt fyrir að hafa ekki notið almennrar hylli hafa verk hans verið lofuð af ýmsum, m.a. af Bertolt Brecht, Klaus Mann og Rainer Werner Fassbinder. Bókmenntafrömuðurinn Oskar Loerke hafði milli-göngu um að veita honum hin eftirsóttu Kleist-verðlaun árið 1920 og árið 1929 tilnefndi pólska bókmenntanefndin hann til Nóbelsverð-

launa fyrir skáldsöguna *Perrudja* en sænska dómnefndin reyndist á öðru máli. Á síðustu árum ævi sinnar hlaut hann svo tvenn virt verðlaun, fyrst bókmenntaverðlaun Niðursaxlands árið 1954 og tveimur árum síðar hin virtu Lessing-verðlaun Hamborgar. Þar réð vafalaust mestu stórvirki hans *Fluß ohne Ufer* (Fljót án bakka) sem út kom í þremur bindum (og 1700 síðum!) á árunum 1949–1950 og þykir nú meðal merkilegri skáldverka sem rituð hafa verið á þýska tungu.

Sama ár, eða 1956, var sögulegur harmleikur hans um *Thomas Chatterton* settur á svið og hlaut talsvert lof. Leikritið fjallar um mis-skilið skáld sem fordæmt er af samfélagi sínu en sjálfstílvísun Jahnn's þykir æði skýr, t.d. í eftirfarandi reiðilestri Chattertons: „Það hefur þá sannast í eitt skipti fyrir öll að ég er óvinur hinnar réttisýnu viðskiptaborgar, dugleysingi, úrhak. Valdamiklir stjórnendur bankanna og skipaútgerðanna ... fyrirlíta listina, hata hana, berjast gegn henni með því að ráðast að hugsanafrelsínu.“

Jahnn fylgdi ekki fordæmi Chattertons, sem svipti sig lífi, heldur lést úr hjartaáfalli í Hamborg árið 1959. Við andlát Gottlieb Harms nærri tveimur áratugum fyrr hafði Jahnn látið útbúa tvöfalda gróf og var hann því lagður til hinstu hvílu við hlið þessarar stóru ástar lífs síns svo þeir fengju, eins og hinn afdráttarlausí Jahnn hafði orðað það sjálfur, „að rotna í sameiningu“.

Ragna og Níls¹

Það var ungur fiskimaður, Níls. Hann átti skuldlaust fagurt skip. Það var sterkbyggt skip úr góðum eikarviði. Það var mjög margt úr kopar og látúni um borð. Á því mátti vera ljóst að dalirnir sem hringluðu í vösum hans voru ekki úr blikki. Í káetunni, við höfðalag koju hans (það var sú efri af tveimur; í þeirri neðri var piltur vanur að sofa, ungur stýrimaður), hafði verið festur rauður hárlökkur. Níls átti unnustu. Fimm menn voru á skipi Níls. Þeir lágu, þegar sá tími var, úti fyrir ströndum Íslands við veiðar. Það gat hent að skipherrann gerði skyndilega hlé á störfum sínum, gengi niður í káetuna og starði á rautt hárið. Slík hegðun var mjög óvenjuleg í hans umhverfi. Þeir þoldu þetta ekki, hinir. Þeir voru hjátrúarfullir, þótt þeir væru mjög hugprúðir. Þegar Níls hafði enn einu sinni kastað akkerum í víkina við heimabyggð sína (það var kyrr og grunn vík, það var mikil sól við þessa strönd, það stóðu aðeins nokkur hús nærri sjónum) og gengið á land í viðskiptaerindum og til að sækja heim jörðina sem hann var fæddur á, sem hafði tekið við bernskuskrefum hans, gekk hann ekki strax veginn til norðurs meðfram strandlengjunni að húsi unnustu sinnar sem átti von á honum; – enda skipið komið, þetta sem gert var úr góðum eikarviði með gulu möstrunum tveimur og brúnu seglunum; – hann brá út af venjunni, hann fyllti þeirri sem beið kvíða. Hann heimsótti bróður sinn í fjöllum sem bjó þar búi sínu. Hann sagði við bróðurinn: „Við ströndina býr stúlka nokkur sem er rauðhærð. En við höldum okkur á norðlægum slóðum við

1 „Ragna und Níls“ er fyrsta sagan (bls. 5–11) í smásagnasafninu *13 nicht gebeure Geschichten* sem útleggja mætti sem 13 eigi hýrlegar sögur og kom fyrst út hjá Rowohlt-forlaginu í Hamborg árið 1954. Þýðandi vill færa Jóni Bjarna Atlasyni, Marion Lerner og ritstjórum *Milli mála* þakkir fyrir góðar og gagnlegar athugasemdir við gerð þýðingarinnar. Copyright ©1995 Hoffmann und Campe Verlag, Hamburg

veiðar. Hugsanir okkar eru sterkar en skipan þeirra er ekki alltaf sem best. Ég bý ekki alltaf yfir nægilegri ró við verk mín. Ef þú vildir nota strandveginn í fjarveru minni af og til myndi það gera mér gott.“ Það var ekki fyrr en að loknu þessu samtali að hann fór á fund unnustunar. Hann kom að henni útgrátinni. Það var hægt að meta sem svo að þau elskuðu hvort annað mjög. Skipið bar nafn stúlkunnar, Ragna. Henni fannst það rangt. Nær væri að jafna þessum manni saman við farkostinn. Hann var með mjög harða vöðva. Hún sagði „Björn“ við hann. En hann hét ekki Björn, nafn hans var Níls. Hún virti hann fyrir sér. Sá að hann var mjög stór. Skínandi mastur. Sá að hann var mjög fagur. Góður eikarviðurinn, kopar- og látúnsbryddingarnar. Hún bað hann að endurskíra skipið. Það átti að standa Níls á bóginum. Eða að minnsta kosti Björn. Hann vildi ekki Björn. Hann sagði: „Kannski heitir einhver annar Björn. Bróðir minn heitir Björn.“ Það hryggði hana mjög að hann skyldi eiga bróður sem nefndi sig Björn. Hún hafði ekki vitað það. Hún hafði aldrei spurt um skyldmenni hans. Svo mjög elskaði hún hann. Hann sagði ofurhljótt að þetta væri tilbúningur, þessi Björn bróðir. Þau gengu niður að ströndinni. Þau reru yfir grænan spegil víkurinnar. Það var fagurt augnablik. Þau stigu um borð í skipið. Hún réð sér ekki fyrir hamingju. Á þessu skipi og með þessum manni. Þetta var gott skip. Það angaði af fiski, af fiski frá Íslandi. Ísland var víðs fjarri. Nafnið og fiskilykt þess gerðu hana dapra. En hamingjan vó þyngra. Níls þessi átti skínandi bókstafi sem mynduðu nafn hans. Hann sótti þá úr skúffu í káetu sinni. Hann lagði þá á borðið. Með skrúfum var hægt að festa þá á bóginn. Nú var komið að því. Hann náði sér í verkfæri. Hann vafði sterkum kaðli um læri sín og brjóstkassa. Ragna þurfti að slaka honum með höndum sínum niður af dekkinu yfir vatnsborðið framan við bóginn. Þar vann hann nú. Og hún sá hann ekki. Hendur hennar héldu honum, eilítið samanreyrðar, með stuðningi nokkurra lykknar sem vöfðust um tvær járnstangir. Verkið var tvíþætt: bakborði og stjórnborði. Hún þurfti líka að rétta honum málningardós. Þegar verkið var unnið fóru þau í skipsbátinn og reru umhverfis skipið. Þar stóð gylltum stöfum á svörtum fleti: NÍLS NÍLS. Þau stigu aftur um borð. Þau ætluðu að laga kaffi. Fyrst virtist Níls annað verk vera brýnna. Hann dró úr vasa sínum lausa og eilítið máða, ryðgræna

bókstafina. Hann festi þá yfir beddann sinn við hlið rauða hárbrúksins. Og að fáeinum mínútum liðnum var þegar hægt að lesa: RAGNA RAGNA. Hún klökknaði og sagði: „Mig langar alltaf að vera sængin þín.“ „Nú er allt mjög rétt,“ svaraði hann. Það hlaut að styttest í brúðkaup þeirra, því gagnkvæm ást þeirra var mjög mikil.

Hann hélt á ný til veiða. Þá er hann sneri aftur hafði hann átt miklu láni að fagna. Skipið ætlaði að springa undan miklum aflanum. Hann hljóp, knúinn af þrá, að heimkynnum sínum við víkina. Boðaði hina miklu veislu lífs síns. Síðan hélt hann suður á bóginn. Til að selja fenginn fyrir gott verð. Fólkið sem bjó í þorpinu sagði: „Þessi Níls er ríkur maður. Hann á skip. Enginn veit hvaðan honum áskotnaðist það.“ Þau gleymdu með öllu að hann var einn þeirra, létu þess ógetið að bróðir hans bjó í fjöllum. Enda þótt foreldrar hans væru látnir var lítill legsteinn við hvítu kirkjuna sem bar vott um fyrra líf þeirra við víkina. En kirkjan var í einnar stundar göngufjarlægð frá ströndinni. – Allir hlökkudu til veglegrar brúðkaupsveislunnar. Þeir reiknuðu: eftir eina viku eða tvær, eftir þrjár gengur þessi gleði í garð. Jafnvel sýslumaðurinn var sama sinnis. Vikurnar liðu. Níls kom ekki til baka. Hann hlaut að hafa farið mjög langt til suðurs. Þeir sem bjuggust við hinu versta komu fram með skoðanir sínar og hræddu hina með því að óhapp hlyti að hafa hent. Þá breyttist mjög viðhorfið til fiskimannsins. Mennirnir fjórir sem voru með honum áttu líka eiginkonur og heitkonur á staðnum. Og í harmi sínum sökuðu þær manninn um að hafa laðað að sér tortímingaröflin með ónáttúrulegum kenndum í garð þeirrar rauðhærðu. Því var hann sekur. Og stúlkan sjálf (þau urðu mjög fyrir-litleg, munaðarleysingi sögðu þau, sú sem lifði á hinum ríka Níls) sekari, því hún lagði á hann álög. Það voru þungar áhyggjur sem ólu af sér slíkar skoðanir. Þetta voru langar vikur og langir mánuðir. Sá tími rann upp þegar menn hefðu átt að búa sig á ný undir að halda á Íslandsmið. Þá, einn morguninn, lá skipið á svargrænum spegli víkurinnar, þessi NÍLS. Fimmmenningarnir gengu heilir á húfi á land og hlógu, fullir hamslausrar kæti. Og báru með sér kistur og kassa. Þessi Níls hafði vit á lífinu. Hann hafði selt aflann á Spáni. Það hafði ekki verið greitt út í beinhörðum silfurdöllum: gull, eintómt gull, snoturlega varðveitt í litlum pyngjum, var orðið að eign hans. Og hann hafði skipt því með hinum fjórum samkvæmt þeim

hlutaskiptum sem þeir höfðu áður sammælt um. Fimmenn-ingarnir og eiginkonur þeirra og unnustur og börn hlógu. Jafnvel sýslumaðurinn nuddaði saman höndunum í góðlátlegri samkennd. En frá hinum íbúunum stafaði þögn, þögn vonbrigðanna. Þeim gramdist að þeir skyldu hafa haft rangt fyrir sér. Þeir voru fullir öfundar yfir þeim mikla auði sem hinum hafði fallið í skaut. Ragna grét mjög lengi við brjóst Níls. Hún sagði honum (ekki frá eigin hugarangri) frá bölinu sem hún hafði orðið fyrir. Hún þráði nú þeim mun heitar að heyra frá honum að hún væri elskuð. Brúðkaupið var haldið með allt öðrum hætti en búist hafði verið við. Fjórmenningunum var boðið, áhöfninni af skipinu, ásamt konum þeirra og unnustum. Ekki einu sinni bróðir Níls kom niður eftir. Þessi maður, þessi skipherra, hafði leitað bróðurinn uppi. Enginn vissi að þeir höfðu átt með sér samtál, gert með sér samkomulag. Sá grunur vaknaði að þeir ættu í illdeilum. Og þó voru það aðeins áhrif dálítils laumuspils hjá Níls sem ollu þeim atburðum er síðar urðu. „Ég gef þér tvöhundruð dali til að kaupa hest“, hafði hann sagt, „nú held ég brúðkaup. Það er veisla handa tveimur, ekki handa mörgum. Ég kýs að bjóða þér ekki. Ég geri það ekki af fjandsemi í þinn garð; bið þig þvert á móti að veita mér vináttu þína og að láta mig í friði án kala.“ Ragna bakaði brúðkaupstertuna: eitt kíló hveiti, eitt kíló smjör, eitt kíló sykur, þrjátíu og sex egg. Þetta var gömul og góð uppskrift. Og fjórmenningarnir komu til veislunnar. Tveir með unnustum sínum, tveir með konum sínum, þannig að tíu voru samankomin. En um nóttina hlýnaði aðeins í fimm sængum. Í átta daga yfirgaf Níls ekki húsið. Síðan fór hann á sjó. Með fjórmenningunum. Á kveðju-stundinni fól hann ungri húsfreyjunni eignir sínar til varðveislu. Og sagði svo, minnugur óttans sem hafði kvalið hana hans vegna þegar hann hafði dvalið lengi í burtu: „Hvað svo sem kann að vera kveðið á um gegn þér og mér, ég sný til þín aftur.“

Eftir að skipið hafði verið í burtu í þrjá daga kenndi Ragna þess að skaut hennar blæddi. Hún varð mjög miður sín og brast í grát. Hún beið í mánuð. Þegar blæðingarnar endurtóku sig lagdist það henni þungt á hjarta. Hún gekk til kvennanna fjögurra, einnar af annarri, og grennsaðist fyrir um hvort eins hefði farið fyrir þeim og henni, að hafa ekki orðið gæfunnar aðnjótandi. Hún kom til eigin-kvennanna. Þær áttu von á sér. Hún áræddi að leggja leið sína til

unnustanna. Þær áttu von á sér. Eins og eiginkonurnar. Við brjóst þeirrar síðustu grét Ragna. Hún varð að láta sér nægja þá takmörkuðu huggun að stutt vikugaman gat lent á þeim tíma þegar litlar líkur voru á að hún yrði móðir. Nú hrærðust aðeins orðin innra með henni: „– ég sný til þín aftur.“

Það bárust mjög slæmar fregnir til þorpsins. Ritsíminn flutti þær. Þetta voru óvissar fregnir. Þær hljóðuðu svo að líklega hefði „Níls“ týnst ásamt áhöfn í stormi úti fyrir ströndum Íslands. Sýslumaðurinn gekk hægum skrefum til kvennanna fimm. Hann las upp daufrí röddu það sem stóð skrifað. Það sem hann bar úr bítum var mjög áþekkt: tár. Hann tók einnig eftir því að þær sem grétu voru barnshafandi, eiginkonurnar og unnusturnar. Hann huggaði unnusturnar, eins vel og hann megnaði, með því að segja að börnin myndu hljóta heiðvirð nöfn. Einungis Ragna, sú rauðhærða, felldi engin tár. Hún hlustaði á manninn til enda. Þá sagði hún: „Nei, þetta eru mistök. Þetta eru falsfréttir eins og í vor. Níls hefur lofað mér að hann muni snúa aftur. Hann mun koma.“ Svona hafði svar hennar verið. En þegar embættismaðurinn var farinn ætlaði leyndur óttinn að sprengja í henni hjartað. Full öfundar hugsaði hún til kvennanna fjögurra sem áttu von á sér. Níls gat vel verið dáinn, ef hún nú aðeins bæri barn hans. Mikil ringulreið var innra með henni. Tíminn leið. Skipið hefði átt að vera löngu komið. Það gat vel verið satt að það hefði strandað. Hvað skipti skipið svo sem máli? Níls myndi koma. Níls myndi koma yfir breitt hafið til hennar. Langt á eftir áætlun. Langa leið. Hann myndi barna hana. Kannski yfirgæfi hann hana aftur á eftir. Hún ætti að kæra sig kollótta svo fremi hann bara kæmi og færði henni eitthvað. Þetta var vondur vetur. Öll gleði hafði verið kæfð. Það hafði lagst refsing yfir staðinn. Enginn vissi hvers vegna. Enginn þorði að mæla nafn þeirrar rauðhærðu af vörum. Lærdómur síðasta árs lét enn til sín taka. Vonin var ekki óafturkallanlega dauð.

Bróðir Níls kom niður á ströndina. Hann ætlaði að segja fáein orð við mágkonu sína. Hann var bróðir hins látna, enda þótt hún þekkti hann ekki. Hann hafði ekki verið viðstaddur brúðkaupsveisluna. Þeim hefndist fyrir laumuspilið. Þar eð hann óaði við því að líta tár beið hann uns komið var kvöld. Hann bankaði á dyrnar. Það var ekkert ljós í stofunni. Samt var honum hleypt inn. Einhver vafði örmum sínum um háls hans og kyssti hann ákaft. Hann hafði aldrei

áður kennt slíkra vara. Honum hitnaði mjög. Hann skammaðist sín. Hann ætlaði að stama einhverju út úr sér. Og varð þess einungis áskynja að hér var kvölin ástríðufull eins og hafið sem hafði myrt. Hann heyrði hvíslað í eyra sér: „Níls, Níls.“ Og brá við. Hann ætlaði að æpa að hann væri bróðirinn, ekki sá látni, að hann væri hold, ekki draugur. Að hann væri ekki kominn yfir hafið. En orðin dóu út í barka hans. Hann veitti þessu áhlaupi ástarinnar viðtöku. Hann hvíslaði aðeins, til að vera áfram heiðarlegur: „Ég er Björn, Björn er ég.“ En rödd hans virtist engin áhrif hafa. Það kom svar sem var ekki í ósamræmi við móttökurnar: „Þú er björninn minn, björninn minn. Nú heitir skipið ekki Ragna, ekki Níls, það heitir BJÖRN.“ Hún dró hann inn í myrka stofuna. Með gjörvöllum líkama sínum umfaðmaði hún hann. Hann hafði aldrei upplifað annað eins, enda þótt hann ætti konu og barn. Það sljóggaði hann. Skyndilega var hold konunnar í örmum hans. Hendur hans þreifudu á fullkominni nekt hennar. Hjarta hans hlýnaði við sköpulagið sem hann skynjaði með höndunum. En rödd hennar sárþændi: „Farðu ekki frá mér, farðu ekki aftur yfir hafið áður en lánið hefur fallið mér í skaut.“ Síðan hlýnaði sængin af þeim tveimur. Hann laumaðist burt áður en nóttin var öll. Hún virtist vita að hún myndi ekki geta haldið honum. Áður en hann hafði haldið leiðar sinnar hvískraði rödd hennar: „Stutt nætur-gaman getur lent á þeim tíma þegar litlar líkur eru á að ég verði móðir. Að fjórtán dögum liðnum býst ég við þér aftur.“ Og hann kom. Og hann fann fyrir hvílu sem var óviðjafnanleg að yndisleika. Röddin sagði: „Mig langar alltaf að vera sængin þín.“

Konurnar fjórar ólu börn sín. Og börn unnustanna fengu heiðvirð nöfn, því feður þeirra voru látnir. Það var mjög mikil sorg við barnsængurnar. Ragna heimsótti konurnar fjórar og benti með höndunum á sig og sagði: „Ég er líka hafandi.“ Og brosti. Henni var ekki trúað. Og henni var vorkennt, því hún virtist veik á geði. Fólk króaði hana af og spurði hana: „Hvenær áttu eiginlega að eiga?“ Og hún reiknaði á fingrum sér í hvaða mánuði það ætti að vera. Uppvöðslusöm kona blístraði í gegnum tennurnar á sér: „Síðan hvenær koma hinir látnu í hjónasængina?“ Ragna kinkaði kalli, brosti og svaraði: „Hann kom. Hann var búinn að lofa því. Hann kom tvisvar.“ Eins og hún hafði reiknað út ól hún síðla árs sveinbarn. Konurnar í þorpinu sögðu: „Það er ólykt af þessu.“ Og spurðu: „Getur kona verið þunguð

í fimmtán mánuði? Og var ekki búið að greina frá því að á brúðkaupsnóttinni hefði hún ekki tekið við fangi?“ En enginn gat nefnt leyndan elskhugann á nafn. Móðirin stóð fast á því að faðir barnsins væri Níls. Sýslumaðurinn skráði barnið sem heiðvirt, því presturinn mælti með því; hann hafði rætt lengi við Rögnu. Hamingja hennar var mjög mikil. Brjóst hennar voru tveir hvítir brunnar með fíngerðum æðum. Á meðan barnið svaf hugsaði hún til þess að sá sem hefur komið tvisvar yfir hafid gæti ekki átt í erfiðleikum með það í þriðja skipti. Og hún kallaði til hans með hjarta sínu. Og var þess handviss að hann heyrði í henni. Og væri þá þegar í pílagrímsför sinni. Brátt myndi hann stíga yfir þröskuldinn. Og hann kom. Hann sagði aðeins eitt orð: „Barnið.“ Og hún svaraði: „Barnið okkar.“ Hún leiddi hann að vöggunni til að hann gæti snert það. Hún heyrði þungan andardrátt hans. Og snökt. Og henni virtist hún finna tár úr auga hans í höndum sínum. Þá hafði hún sængina tilbúna fyrir hann. Hann streittist hins vegar á móti. En hún sigraðist á honum með mýkt og angan líkama síns og ljúfum heityrðum sínum. Og pílagrímurinn hneig niður. Og lofaði að snúa aftur. Hann gekk ekki á bak orða sinna. Þegar líkami Rögnu tók að gildna í annað sinn og frá vörum hennar kom að blessunin væri aftur af völdum Níls tók fólk að ausa fúkyrðum yfir hana. Hrópað var á eftir henni: „Hóra.“ Presturinn kom heim til hennar. Hann yfirheyrði hana með mjög kristilegum hætti en mjög stranglega. Hún brosti. Hún sagði: „Níls kom til mín yfir hafid.“ Sýslumaðurinn leysti prestinn frá störfum. Ljós móðirin reyndi að neyða hana til játningar. Héraðslæknirinn var kallaður til. Hann hellti sér yfir hana, hvort hún ætlaðist til að hann tryði á ævintýrið líka. Reiði hans skilaði engu meira en ákefð hinna. Hann lýsti hana andlega vanheila. „Biluð í heilanum,“ öskraði hann á lögreglustöðinni, „hættulaus en klikkuð. Ef aðeins væri hægt að góma rekkjunaut hennar! Flekklaus piltur það eða hitt þó heldur. Tuddi.“ Þegar hitt barnið fæddist varð sýslumaðurinn að færa það í skrána. Faðernið var ekki hægt að sanna upp á neinn; það var nefnt eftir þessum látna Níls. Það voru nokkrir andatrúarmenn í þorpínu sem tóku að líta svo á að Ragna væri helg. Þetta fólk kom heim til hennar í því skyni að tala við hina útvöldu (eins og það taldi hana vera) um kraftaverkið. Það kraup gagntekið á kné fyrir framan bæði börnin og

vegsamaði atburð sem afhjúpaðist því aðeins í hugboði. Það veitti Rögnu andlegan styrk. Þegar hún var ein það hún til Níls með tálhrópi sínu yfir vögggu seinna sveinbarnsins að hann kæmi til hennar yfir hafið. Skaut hennar væri aftur orðið þroskað aldin. Hún varð að biðja hann oftsinnis áður en hann nam rödd hennar. Ferð hans hlaut að vera orðin mjög fyrirhafnarmikil. Hann hafði þurft að taka á sig langa pílagrímsför. Þá hafði sá ótti læðst að henni að hann væri týndur að eilífu. Hún hafði þrýst báðum börnunum að barmi sínum, tárbot um augun. Hann fylgdi loks kalli hennar. Hann var kominn. Mjög breyttur virtist henni. Þreyttari. Átti mjög þungt um andardrátt. En án mótspyrnu hafði þetta þriðja brúðkaup verið haldið. Þetta var löng brúðkaupsveisla. Hún varði allar nætur heils mánaðar. Einhver nótt hlaut að vera sú síðasta. Hann varð að halda aftur yfir hafið. Hún skynjaði það. Hann grét. Andardráttur hans þyngdist. Eins og skilnaðurinn ætti að vera um alla eilífð. Hún grét með honum. Og hann lét þau orð falla sem tættu sundur hjarta hennar að hann myndi ekki mega koma aftur. Og hvarf í rökkrið og sveif yfir hafið. Núna hafði hinn látni fundið ró. Hún varð mjög máttvana. Sterkt rammgert skipið með eikarþiljunum hafði strandað við Ísland. Níls hafði drukknað í straumkastinu. Fimm menn drukknuðu. En einn þeirra hafði orðið að standa við fyrirheit sín: „Hvað svo sem kann að vera kveðið á um gegn þér og mér, ég sný til þín aftur.“ Núna var hún ekkja eins og hinar. Og þoldi það verr en hinar. Og barmaði sér yfir því að hinn látni hafði sjálfur skammtað tímanum. Þó dafnaði í henni þriðja barnið. Þegar það varð alkunna tók stemningin að einkennast af ónotalegri þögn. Fólk sýndi stillingu. Fyrst skyldi þessi fæðing vera að baki. En síðan myndi sakadómi komið á fót. Þorpsbúarnir belgdust yfir þeim óskunda sem þeir höfðu í hyggju. Þeim fannst þeir smánaðir, fíflaðir, svívirtir. En áður en tíminn rann upp kom hið skelfilega í ljós annars staðar. Þar hafði hryllilegt afbrot tekið á sig mynd. Þessi Björn hafði dag nokkurn banað konu sinni og barni með öxi. Og það var jafnvel ljóst hvers vegna. Orsökinn blasti við eins og opin bók. Húsfreyjan hafði hlaupið út á götu í hryggðarkasti og æpt: „Björn barnaði Rögnu.“ Þá hafði þetta morð verið framið. Með öxi. Þessi Björn, sem var bróðir Níls, blóði drifinn, með blóðugar hendur, hafði dregið hest út úr hesthúsinu, sveiflað sér allt að því

nöktum á hnakklaust bakið, og sprett úr spori. Niður að víkinni. Í sjóinn. Á reið. En ópið um gjörðir hans hafði verið fljótar í förum en hesturinn. Bátar sigldu út á víkina. Hönd greip í höfuðhár hans. Hestinn rak út, hann sökk. Þetta mannshöfuð hvarf hins vegar ekki niður. Þetta var dýrmætt höfuð, afbrotamannshöfuð, höfuðkúpa glæpamanns. Þeir drógu líkamann upp úr söltum sjónum. Þeir börðu þennan líkama. Þeir bundu hann með nýju seglgarni. Þeir færðu hann inn á embættisskrifstofu sýslumannsins. Þegar um eftirmiðdaginn kom að vélbátur, nokkrir hermenn um borð. Honum var stjakað inn í farartækið. Hann myndi verða lokaður inni í fangelsi ævilangt. Þegar Ragna frétti hvað gerst hafði varð andlit hennar sem steinrunnið og hvítnaði eins og kalk. „Þetta var Níls,“ sagði hún, „því hann elskaði mig. Hann ætlaði aftur yfir hafið.“ Á meðan hún var enn grátandi kom þriðja barnið. Hún ól það standandi. Það datt á gólfið fyrir framan hana. Hún lyfti því upp. Enginn var hjá henni. Hún þvoði því, þótt hún væri við það að brotna saman. Þarna voru nú þrjú börn í kofanum. Öll mjög sterk og mjög fögur; en nöfn þeirra gáfu fyrirheit um örðug líf. Þau hétu: Níls, Björn, Ragna. En sú sem var móðir þeirra var steinrunnin. Hún gat ekki hlegið, enda þótt hún elskaði börn sín. Vegna hennar hafði hinn fullorðni Níls drukknað og verið lokaður inni í fangelsi.

Geir Sigurðsson þýddi úr þýsku